



## Jafnréttismál lögreglunnar árið 2014

### 1. Formáli

Í þessari samantekt er farið yfir **stöðu jafnréttismála** lögreglunnar fyrir **árið 2014** og þau verkefni sem jafnréttisfulltrúi lögreglunnar ásamt jafnréttisnefnd lögreglunnar og jafnréttisfulltrúum embættanna komu að. Líkt og áður átti jafnréttisfulltrúi lögreglunnar í góðri samvinnu við jafnréttisfulltrúa embættanna<sup>1</sup> og eins var hann í góðri samvinnu við Jafnréttisstofu, starfsfólk mannauðsdeildar Reykjavíkurborgar og starfsmenn mannréttindaskrifstofu.


### 2. Kynjabókhald lögreglunnar

Þann 1. febrúar 2014 voru 682 lögreglumenn, þ.m.t. héraðslögreglumenn og afleysingamenn, starfandi í lögreglunni, þar af voru 87 konur, eða tæp 13%. Fjöldi borgaralegra starfsmanna var 259 eða 167 konur og 92 karlar (tafla 1).

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í viðauka I.

Hlutfall lögreglumanna<sup>2</sup>, kyngreint, árin 2011-2014 er að finna á mynd 1. **Lítill breyting** er á hlutfalli kvenna milli ára og hlutur kvenna nánast staðið í stað og var 13%, 1.febrúar 2014.



**Mynd 1.** Fjöldi lögreglumanna 2011-2014, kyngreint.


<sup>2</sup> Héraðs- og afleysingamenn ekki taldir með.

Fjöldi starfandi lögreglumanna þann 1. febrúar 2014, greint eftir kyni og starfsstigi má finna í töflu 1. Af 44 yfir- og aðstoðaryfirlögrelupjónum var **ein kona**, en hún gegnir stöðu aðstoðaryfirlögrelupjóns. Af 33 aðalvarðstjórum voru tvær konur starfandi, eða 6,1%, og af 127 varðstjórum voru 6 konur, eða 4,7%. Hlutfall kvenna er **mest meðal lögreglufulltrúa**, eða 18,3%, en af 82 lögreglufulltrúum eru 15 konur. Af 118 rannsóknarlögreglumönnum voru 19 konur, eða 16,1%. Flestar konur voru starfandi sem almennir lögreglumenn, eða 40 konur af 249 lögreglumönnum (16,1%).

**Tafla 1.** Fjöldi lögreglumanna þann 1. febrúar 2014, greint eftir kyni og starfsstigi.

Starfsstig	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall	
				karla	kvenna
Yfirlögrelupjónn	23	0	23	100,0%	0,0%
Aðstoðaryfirlögrelupjónn	20	1	21	95,2%	4,8%
Aðalvarðstjóri	31	2	33	93,9%	6,1%
Lögreglufulltrúi	67	15	82	81,7%	18,3%
Varðstjóri	121	6	127	95,3%	4,7%
Rannsóknarlögreglumaður	99	19	118	83,9%	16,1%
Lögreglumenn	209	40	249	83,9%	16,1%
<b>Samtals</b>	<b>570</b>	<b>83</b>	<b>653</b>	<b>87,3%</b>	<b>12,7%</b>
Héraðslögreglumaður	23	4	27	85,2%	14,8%
Afleysingarmaður	2	0	2	100,0%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>595</b>	<b>87</b>	<b>682</b>	<b>87,2%</b>	<b>12,8%</b>

Á mynd 2 má sjá hlutfall starfandi lögreglumanna 1.febrúar 2014<sup>3</sup>, kyngreint, eftir embættum. Hjá fjórum embættum var engin lögreglukona starfandi 1.febrúar 2014. **Mest var hlutfallið** hjá embætti Snæfellsnes (29%) og embætti sérstaks saksóknara (27%).



**Mynd 2.** Hlutfall starfandi lögreglumanna, kyngreint, eftir embættum.

<sup>3</sup> Eldri umdæmaskipanin þ.e. áður en nýja umdæmaskipanin tók gildi 1.janúar 2015. Héraðs- og afleysingamenn ekki taldir með.

Í töflu 2 má finna fjölda borgaralegra starfsmanna innan lögreglunnar, kyngreint. Þar má sjá að mest er hlutfall karla, eftir starfstitli, meðal lögreglustjóra (75%) en hlutfall kvenna er **mest meðal skrifstofufólks** (93,1%). Þá er hlutfall kvenna sem löglærður fulltrúi hærra en hlutfall karla.

**Tafla 2.** Fjöldi borgaralegra starfsmanna innan lögreglunnar, kyngreint eftir starfstitli.

Starfstitill	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Ríkislögreglustjóri	1	0	1	100,0%	0,0%
Lögreglustjóri/Skólastjóri/Sérstakur saksóknari	12	4	16	75,0%	25,0%
Aðstoðarlögreglustjóri	2	0	2	100,0%	0,0%
Sviðsstjóri/framkvæmdastjóri	3	2	5	60,0%	40,0%
Skrifstofustjóri	3	5	8	37,5%	62,5%
Deildarstjóri	2	3	5	40,0%	60,0%
Saksóknari	2	1	3	66,7%	33,3%
Aðstoðarsaksóknari	4	6	10	40,0%	60,0%
Löglærður fulltrúi	19	30	49	38,8%	61,2%
Sérfræðingur	27	21	48	56,3%	43,8%
Skrifstofumaður	6	81	87	6,9%	93,1%
Fangavörður	5	1	6	83,3%	16,7%
Ræsting	0	13	13	0,0%	100,0%
Umsjónarmaður	6	0	6	100,0%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>92</b>	<b>167</b>	<b>259</b>	<b>35,5%</b>	<b>64,5%</b>

### 3. Niðurstöður framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum lögreglunnar fyrir árið 2014

Af **18** lögregluembættum bárust upplýsingar frá **11** og fylgja svör þeirra hér fyrir neðan. Í þeim kemur m.a. fram að af þeim 44 starfsmönnum sem sátu í **yfirstjórn** þessara embætta, voru átta konur (18%) á móti 36 karlar (82%) (tafla 3).

Af 535 lögreglumönnum voru 456 karlar í fullu starfi (85%) á móti 79 konum (15%). Fjöldi lögreglumanna í hlutastarfi var hinsvegar meiri hjá konum en körlum, eða 10 á móti sjö. Meðal borgaralegra starfsmanna er **rúmlega helmingur** konur (58%) í fullu starfi, þá eru einnig **fleiri konur** (80%) sem vinna hlutastarf en karlar (20%) (tafla 4).

Ekki var **tilkynnt um neitt** tilvik eineltis eða kynferðislegrar áreitni á árinu 2014 skv. upplýsingum þessara embætta (tafla 5).

**Tafla 3.** Fjöldi karla og kvenna í yfirstjórn lögregluembætta, árið 2014.

	Karl	Kona	Samtals
Seta í yfirstjórn	36	8	44

**Tafla 4.** Starfshlutfall starfsmanna lögreglunnar, kyngreint, árið 2014.

	Karl	Kona	Samtals
Fullt starf- lögreglumenn	456	79	535
Hlutastarf- lögreglumenn	7	10	17
Fullt starf – starfsmenn	81	111	192
Hlutastarf - starfsmenn	5	20	25

**Tafla 5.** Fjöldi tilkynnt tilvik um einelti eða kynferðislega áreitni, árið 2014.

Tilkynnt tilvik um einelti	0
Tilkynnt tilvik um kynferðislega áreitni	0

## 4. Aðgerðaráætlun jafnréttismála 2014-2015

Aðgerðaráætlun í jafnréttismálum var gefin út í október 2014 en hér er að finna hluta þeirra aðgerða sem hafin var vinna við á árinu 2014:

- vinna við feril um mannauðsmál í rafrænni upplýsingaöflun
- unnið að því að samræma verklagsreglur um einelti fyrir bæði starfsmenn og yfirmenn lögreglunnar
- unnið að undirbúningi námskeiðs í stjórnendabjálfun innan lögreglunnar
- jafnréttisnefnd lögreglunnar hóf vinnu við endurskoðun á jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar
- endurskoðun á siðareglum lögreglunnar

## 5. Fagráð lögreglunnar

Fagráð lögreglunnar er ráð óháðra aðila sem hefur það hlutverk að taka við, meta, koma í viðeigandi farveg og fylgja eftir tilkynningum sem ráðinu berast sem varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi eða einelti innan lögreglunnar og tryggja að þær fái viðhlítandi málsferð samkvæmt verklagsreglum fagráðs og landslögum. Á árinu 2014 bárust fagráðinu fjórar tilkynningar. Tvö mál voru afgreidd en tvö voru enn í vinnslu í lok árs 2014.

Tafla 6. Fjöldi tilkynntra mála til fagráðs lögreglunnar.


Tilkynnt mál	Fjöldi
Afgreidd	2
Í vinnslu	2
<b>Samtals</b>	<b>4</b>

## 6. Fundir og ráðstefnur

Jafnréttisnefnd lögreglunnar hélt einn fund árið 2014 og í október hitti nefndin jafnréttisfulltrúa lögreglustjóraembættanna á sínum árlega fundi. Á fundinum fór jafnréttisfulltrúi lögreglunnar m.a. yfir aðgerðaráætlun í jafnréttismálum fyrir árið 2014-2015 og umræða var tekin um hvernig ætti að standa að fræðslu um jafnrétti og einelti í embættunum. Þá sótti jafnréttisfulltrúi lögreglunnar málþing á vegum aðgerðarhóps um launajafnrétti og fundaði með mannréttindaskrifstofu og starfsmönnum mannauðsdeildar Reykjavíkurborgar.

## 7. Næstu skref í jafnréttismálum lögreglunnar

Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar, ásamt jafnréttisnefnd lögreglunnar og jafnréttisfulltrúum embættanna munu áfram vinna að því að vinna gegn neikvæðum þáttum vinnuvenningar, s.s. einelti og kynferðislegri áreitni m.a. með fræðslu. Þá mun jafnréttisfulltrúi lögreglunnar vinna að því að efla samvinnu og skapa tengslanet við önnur erlend lögreglulið.





## Viðauki I: Jafnréttisfulltrúar embættanna 2014

### **Akranes**

Jóhanna Heiður Gestsdóttir

### **Sauðárkrókur**

Stefán Vagn Stefánsson

### **Akureyri**

Valur Magnússon

### **Selfoss**

Elín Jóhannsdóttir

### **Blönduós**

Kristján Þorbjörnsson

### **Sérstakur saksóknari**

Hlín Þórhallsdóttir

### **Borgarnes**

Laufey Ólafía Gísladóttir

### **Seyðisfjörður**

Hjörtur Davíðsson

### **Eskifjörður**

Sigfríð Margrét Bjarnadóttir

### **Snæfellsnes**

Ólafur Guðmundsson

### **Húsavík**

Kristján Kristjánsson

### **Suðurnes**

María Pálsdóttir

### **Hvolsvöllur**

Ellert Geir Ingvason

### **Vestfirðir**

Gylfi Þór Gíslason

### **Höfuðborgarsvæðið**

Sigríður Hrefna Jónsdóttir

### **Vestmannaeyjar**

Jón Bragi Arnarson

### **Lögregluskóli ríkisins**

Guðmundur Ásgeirsson

### **Ríkislögreglustjóri**

Katrín Salima Dögg Ólafsdóttir